

Nefndarsvið Alþingis  
b.t. allsherjarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. Febrúar 2009

**Efni: Umsögn um frumvörp um greiðsluaðlögun**

Óskað var eftir umsögn frá Momentum vegna tilgreindra lagafrumvarpa, mála nr. 275, 278 og 281. Undirritaður telur hugmyndina um greiðsluaðlögun eða skuldaaðlögun almennt góða og veita fólki í greiðsluferfiðleikum aðstoð við að ná fram raunhæfum lausnum á sínum málum. Undirritaður telur hagfelldast að setja þessi úrræði upp í gjaldþrotaskiptalögum enda um að ræða sambærilega þeim úrræðum sem þar eru sbr. möguleika skuldara til nauðasamninga og því sjálfsagt og eðlilegt að um sé að ræða viðbót við úrræði gjaldþrotaskiptalaga líkt og tvö frumvarpana gerir ráð fyrir, sbr. mál nr. 278 og 281. Undirritaður telur að sérlög, líkt og lagt er til í máli nr. 275, sem skapar sérstaka aukastarfsemi sýslumanna á þessu sviði sé alltof flókna, dýra ákvörðun og skapa fleiri vandamál en ekki. Frumvarpið í heild og einstakar greinar þess vekja í raun upp fleiri spurningar en svör og því leggst undirritaður gegn því frumvarpi í heild sinni. Umsögn þessi mun því lúta að málum nr. 278 og 281.

Hvað varðar hin frumvörpin þá mun undirritaður ekki gera greinarmun á þeim og mun í umsögn þessari talað um greiðsluaðlögun og á það jafnt við um skuldaaðlögun. Verður þannig ekki tekin sérstök afstaða til eða fjallað um þann mismun sem er á milli þessara mála. Undirritaður gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvörpin bæði:

1. Frumvörpin eru mjög almennt orðuð og óljós um ýmsa hluti. Virðist vera sem ýmsir gallar séu á frumvarpinu, lagatæknilegs eðlis, sem þarfnast lagfæringar og er mjög áriðandi að ekki sé farið of geyst í lagasetningu af þessum toga þannig að ekki skapist fleiri vandræði heldur en nú er. Verður í þessu sambandi að geta þess að við erum með úrræði í lögunum fyrir fólk í greiðsluferfiðleikum til að bjóða fram hlutagreiðslur í formi nauðasamninga og því þarf að vanda vel til ef bæta á þar við. Frumvarpið felur í sér tæki til afskrifta skulda fólks án aðkomu kröfuhafa sem er augljóslega eignaupptaka kröfuhafa þar sem sett er með frumvörpunum í hendur umsjónarmanns að ákveða hversu mikið af kröfum kröfuhafa skuli afskrifa og eru tækifæri kröfuhafa til andmæla mjög takmörkuð.

Lagasetning þessi er mjög einsleit með hagsmuni skuldara í huga og virðist ekki verið að gæta að hagsmunum kröfuhafa og tækifærum hans tii að taka afstöðu eða mótmæla að nokkru leyti. Ef vilji er fyrir lagasetningu af þessum toga og gengið hefur verið úr skugga um að slíkt stangist ekki á við stjórnarskrá um eignaskerðingu, þá er algerlega ljóst að allar heimildir af þessum toga verður að túlka þröngt og m.a. nauðsynlegt að niðurnjörfað sé í lögnum við hvað skal miða við mat á því hversu mikið skal afskrifa með þessum hætti. Með þessum lagafrumvörpum er aðstoðarmanni veitt gríðarmikið vald þ.e. að þvinga fram greiðsluáætlögun. Vegna þessa er mjög mikilvægt að hagsmuna kröfuhafa sé gætt og ekki sé gengið of langt í neytendaverndinni.

2. Ekki virðist tekið á því í frumvarpinu hvaða afleiðingar beiðni um greiðsluáætlögun hefur á fullnustuaðgerðir kröfuhafa sem þegar eru hafnar eða hvort slík beiðni hindrar kröfuhafa í slíkum aðgerðum á meðan beiðnin er í meðförum. Þetta getur haft geysimikla þýðingu enda eru sérákvæði um slíkt hvað varðar greiðslustöðvun og nauðasamninga sbr. 22. gr. og 40. gr. gjaldþrotaskiptalaganna.

3. Einn alvarlegasti annmarki frumvarpanna er að ekki er tekið á því í lögnum að kröfur kröfuhafa, sem ekki er lýst við innköllun umsjónarmanns, falli ekki niður. Gefið er í skyn að svo sé í 2. mgr. e. liðar þar sem tekið er fram að aðeins þeir sem lýsa megi láta málið til sín taka og einnig getið að almennar reglur um nauðasamninga skuli gilda þar sem við á en nauðsynlegt er ótvírætt sé að kröfur kröfuhafa falli ekki niður við vanlýsingu við innköllun skv. frumvarpinu líkt og gert er í 3. mgr. 45. gr. laganna um nauðasamninga. Óásættanlegt er að kröfuhafar séu settir í þá stöðu að þeir geti misst alla sína kröfu á 4 vikna innköllunarfresti í lögbirtingarblaðinu. Um þetta verða löggin að vera skýr.


4. Viðmið aðstoðarmanns við ákvörðun um greiðsluáætlun og afstöðu til greiðsluáætlögunar eru algerlega opin í lögnum og virðist sem þetta sé algerlega lagt opið í hendurnar á þeim aðila að meta þetta án viðmiðana úr lögum. Með vísan til þess sem áður segir þá er það mjög bagalegt og veitir þeim aðila óeðlilegar og óheftar heimildir við þetta mat. Þetta er einnig mjög mikilvægt til að gæta að hagsmunum kröfuhafa.

5. Engin ákvæði eru um afleiðingar af því að greiðsluáætlun er ekki sinnt þ.e. ekki staðið við þá áætlun sem upp er sett, sambærilegt og er um nauðasamninga. Nauðsynlegt er að kveða á um hverjar afleiðingar af slíku eru og hvaða heimildir kröfuhafar hafa í slíkum tilfellum.

Eins og sést í þessum athugasemdum þá leggst undirritaður ekki beint gegn lagasetningunni með þeim fyrirvara að gengið verði úr skugga um að hún standist stjórnarskrá, en þrátt fyrir það þá eru í frumvörpunum alvarlegir gallar sem verður að laga áður en þau taka gildi, gallar sem gera frumvörpin óásættanleg. Að öðru leyti er undirrituðum kunnugt um að óskað hafi verið eftir umsögn Lögmannafélags Íslands og vísar til þess að öðru leyti þar sem nauðsynlegt er að taka á mörgum lagatæknilegum atriðum í frumvörpunum.

Virðingarfyllt,

f.a. Momentum



Davíð B. Gíslason hdl.